



Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7
370 Búðardal
www.gladur.is

Stjórnarfundur 24. febrúar 2014

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Stjórnarfundur í Hestamannafélaginu Glað 24.02.2014, haldinn í Bakkahvammi 1, Búðardal.
Mættir: Þórður, Guðbjörn, Viðar, Svala, Heiðrún Sandra og Gyða.

1. Val á knapa ársins og efnilegasta knapa ársins 2013. Jón Ægisson valinn knapi ársins. Þórána Hlíf Gilbertsdóttir efnilegasti knapi ársins.
2. Hjá fræðslunefnd eru mörg verkefni í gangi, verið er að hanna buff og jafnvel peysur og boli með merki Glaðs. Mjólkursamlagið í Búðardal styrkir verkefnið með buffin, 60 stk. með merkingu. Járnanganámskeiði var frestað um óákveðinn tíma en verður í vetur.
3. Tillaga að lagabreytingu á greinum 5 og 10 í lögum félagsins. Aftan við 5. grein bætist: Til að hestur geti keppt fyrir Glað í gæðingakeppni verður hann að vera skráður í eigu félagsmanns þann 15. apríl á keppnisárinu. 10. grein breytist þannig að út fer ákvæði til bráðabirgða v. sameiningar Hestaíþróttadeildar Glaðs og Hestamannafélagsins Glaðs.
4. Öryggismál. LH nefnd vill að félögin kjósi öryggisfulltrúa. Hvetja til að Glaður auglýsi samsettan pakka með öryggisatriðum, þá endurskinsmerki á knapa og hest. Pantaður verður kynningarpakki frá LH.
5. Fjölga þyrfti í fræðslunefnd um einn aðila á næsta aðalfundi.
6. Rætt um nefndir félagsins. Skemmtinefnd standi fyrir skemmtikvöldi fyrir börn og fullorðna. Reiðveganefnd, hvaða vegi eða slóða ætti að leggja áherslu á? Fá skoðanir félagsmanna á því á aðalfundi. Passa uppá að það fé sem úthlutað er sé unnið á tilsettum tíma. Ferðaleiðir, úthlutað til þeirra úr öðrum sjóði, sækja um þar.
7. Þórður sagði frá samningi UDN og sveitarfélagsins, samstarf um ráðningu æskulýðs og tómstundafulltrúa. Umræða um fyrirkomulag og hvernig Glaður gæti nýtt sér þjónustu þessa fulltrúa.
8. Aðalfundur ákveðinn 25. mars. Athuga með Leifsbúð vegna hans.
9. Umræða um dagsetningar móta, að rekist ekki á önnur mót eða viðburði. Líka að athuga á aðalfundi hvenær fólk vill hafa mótin, að degi til eða kvöldi.
10. Búningamál, koma með nýjar tillögur á aðalfundi, skipa búninganefnd sem vinni í málinu.

Fleira ekki rætt, fundi slitið.

Gyða Lúðvíksdóttir, ritari